

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Fimmtudaginn 3. september 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Sigrún Agata (SA), Ingólfur Elíasson (IE),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var fundargerðin borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir fjárhag sambandsins, staðan er þröng eins og kom fram á síðasta fundi. Samtal er í gangi við nokkra aðila um að koma að sambandinu með styrkveitingum. Verið er að vinna í að draga fram ferðakostnað við landsliðsferðir næsta árs í samvinnu við Verdi ferðaskrifstofu og um leið og það liggur fyrir þá er hægt að gera heildar áætlun fyrir árið en sem stendur er eingöngu til áætlun sem vantar umfang landsliðsstarfsins inn í, og líka þar þá að gera áætlun fyrir hvert og einn lið.

Erindi Skautafélags Reykjavíkur vegna skráningar á Degi Aspar sem varamarkverði í kvennaliði SR. Nokkuð mikil umræða skapaðist um þetta erindi og stjórnarmenn voru sammála um að þetta væri mál sem væri mjög vandmeðfarið. GÍÞ hafði tekið málið upp við sérfræðinga Alþjóða Íshökkísambandsins sem hafa gefið út stefnu í málefnum Transfólks. (IIHF Transgender Policy) Þar sem ÍHÍ hefur ekki markað sér aðra stefnu en að koma fram við fólk í trans samfélaginu af vinsemd og virðingu var ákveðið að halla sér að stefnu IIHF varðandi þetta erindi. Þar er dregin sú lína að hafi Transmaður (kona í ferli að verða karl) hafið hormónameðferð skal synja beiðnum um að hann leiki í keppnum kvenna. Stórn ÍHÍ hefur því á framangreindum forsendum ákveðið að synja beiðni Skautafélags Reykjavíkur.

Tekið er fyrir erindi frá Skautafélagi Hafnarfjarðar þar sem þeir óska eftir aðstoð ÍHÍ í þá veru að þeir fái að greiðsludreifa útgjöldum og greiðslum til ÍHÍ sem lið í að aðstoða félagið að hefja starfsemi þar sem kostnaðurinn við að starta nýju félagi er umtalsverður og kemur allur í upphafi tímabils. Framkvæmdastjóra er falið að semja við félagið um 5 mánaða greiðsludreifingu sem skal ná frá tímabilinu des 2024 til og með apr 2025 eða í 5 mánuði.

Rætt var um kostnaðarmódel eða verðlagningu á streymisþjónustu ÍHÍ sem til stendur á næstu dögum að loka og selja aðgang að. Eftir nokkrar umræður og tillögur kom stjórnin sér niður á að gjald fyrir stakan leik skuli vera 2000 krónur og áskriftargjald skuli vera 1250 krónur á mánuð með a.m.k. 3 mánaða binditíma.

Rætt var um fjáröflunarátak landsliða. En ljóst er að kostnaðarþátttaka verður nokkuð mikil hjá þeim liðum sem þurfa að fara um langan veg. ÍHÍ mun aðstoða við fjársafnanir eins og kostur er. Einstaklingar geta safnað sem einstaklingar og einnig geta lið safnað saman. ÍHÍ er skráð og viðurkennt almannaheillafélag af skattstjóra. Þannig geta fyrirtæki og einstaklingar hlotið afslátt á skattgreiðslum með því að styrkja starf á vegum ÍHÍ. Nánari útfærsla verður í höndum framkvæmdastjóra og formanns.

Önnur mál.

ÍHÍ hafa borist erindi og ábendingar um lagfæringar og endurbætur á reglugerð númer 15 um lánessamninga. Ábendingar snúa að annarsvegar að heimildum að lána leikmenn milli liða sem eru eldri en 20 ára en núverandi reglugerð er bundin við þá sem leika með unglingsflokkum. Hin ábendingin snýr að því að opna möguleika fyrir íslenska ríkisborgara sem eru samningsbundnir erlendum liðum og fá takmörkuð tækifæri, á því að koma heim á lánessamning. Slíka samninga þyrfti þó að gera fyrir 31. Janúar á tímabilinu. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að breytingu á reglugerð og leggja málið fyrir á samskiptaforriti stjórnar sem er Slack.

Ákveðið hefur verið að dómaramámskeið verði haldið í Reykjavík, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 29. Sept 2024 klukkan 12:00

Fleira ekki rætt og fundi slitið.